

13.3.2023

Blönduós

Landeigendafundur kl. 20

Dagskrá fundar:

- Niðurstöður valkostagreiningar - Anna Sigga
- Matsáætlun og næstu skref - Erla Björg
- Þróun flutningskerfis raforku - Gnýr Guðmundsson

Spurningar úr sal með skáletruðu:

*Hvaða áhrif hafa breytingar á leið D á kostnað?*

Svar: Þetta er stytting og hefur e-r áhrif á kostnað. Liggja fyrir frumdrög en erfitt að bera saman á þessu stigi máls.

*Lína áætluð við hlið gömlu, hvað er vænghaf frá gömlu yfir í nýju?*

Svar: u.þ.b. 50 m frá miðju í miðju, plús helgunarsvæði.

*Hvað er helgunarsvæði?*

Svar: 75-100 m fyrir báðar línur samtals. Reglur sem Landsnet setur. En það má rækta tún þar og skepnuhald er einnig leyft undir línunum.

*Eru jarðskaut innan helgunarsvæða?*

Svar: Yfirleitt látnar fylgja slóðum og lagðar í þær.

*Hafa ferðamenn forsendur til að leggja mat á áhrif línanna?*

*Hvert er vægi ferðamanns á móti heimamönnum?*

*Hvað þurfa að fljúga margar álfir á línurnar til að það sé hætt við þær?*

*Rannsóknir eru að hefjast – það er mars – ansi brött tímalína að ætla að klára í lok árs.*

*Það er oft ekki fært um þessa hálendisvegi fyrr en seint að vori/sumri.*

Anna Sigga og Erla svara ofangreindum spurningum, m.a. að álit heimamanna og ferðamanna hafi jafnt vægi í matinu.

*Þolir Blöndulína 1 og 2, frá Blönduvirkjun að Tungunesi, þolir hún 220 kV.*

Svar: Nei, þær eru byggðar sem 132 kV línur. Gömlu línurnar munu standa; Blöndulína 1 og Laxárvatnslína 1.

*Útskýra betur tap á ári þar sem vatnsstaða var slæm í lónum, hvernig varð 5 milljarða tap?*

Olía sem bræðslur og hitaveitur keyptu, voru 1 milljarður. Hrávöruverð hækkaði einnig í kjölfar stríðs í Úkraínu. Framleiðslutap á kísil og áli var um 4 milljarðar.

*Getið þið aukið flutningsmagnið áður en þið lokið hringnum?*

Já, en ekki að fullu en við verðum með 2x 130 kV rásir sem geta «dekkað» bilanir í kerfinu [náði þessu ekki 100%].

*Hver er kostnaðarmunur á bláu og gulu línunni?*

Lengd endurspeglar ekki endilega kostnaðarmun, getur verið erfitt að leggja línur í mýri t.d.

*Farið yfir mikla byggð á bláu línunni.*

Kerfislega skiptir það ekki miklu máli hvort farin er gula eða bláa leiðin, þegar endapunktarnir eru þeir sömu.

*Kæmi ekki til greina að gera tengivirki í Laxárvatni?*

Ef það er þörf fyrir það, t.d. álver. 100 MW kúnni kallar ekki á 220 kV tengivirki. Laxárvatnslínum verður haldið við, þær eru í góðu standi enn þá og verða endurnýjaðar. Ef það hins vegar kemur risastór kúnni, þá er það bara sérstakt verkefni.

*Hver er kostnaðarmunur á endurnýjun á 132 kV jarðstreng og loftlínu?*

EKKI mikill kostnaðarmunur. Minni líkur á að jarðstrengur slái út í vondu veðri, en við bilun þá getur tekið allat að 2 vikur að gera við en nokkrar klst. loftlínu.

*Óskastaða með tíma á endurnýjun – hvað getur þetta gerst fljótt?*

LN vill vera í framkvæmdum 2026, spennusetning 2027.

*Valkostur að fara vestan og austan við Fótarfell – kostir og gallar?*

Umhverfismat þarf að skera úr um það.

*Hvar á Holtavörðuheiði verður tengivirkið og hefur það áhrif á útsýni að Eiríksjökli frá vegi?*

Mitt á milli Miklagils og þar sem núverandi byggðalína þverar veginn. Skýlist af hólavæði frá veginum svo það ætti vonandi að vera lítt áberandi. Áhyggjur af ásynðaráhrifum Eiríksjökuls eru líklegast óþarfar.

*Valkostur X – þykir skorta á röksemdarfærslu af hverju hún er tekin út.*

*Ábending frá fundarmanni: Þetta er líka kjörin leið til að stytta leiðina yfir Holtavörðuheiði.*

*Bilanir að vetri til: Eru annmarkar á því að vera með þetta yfir heiðarnar?*

Landsnet er nú þegar með línur á hálendinu og það hefur yfirleitt gengið með snjóbílum, svo það ætti ekki að vera vandamál.

*Hvað er langt á milli mastra ?*

300-350 m í stað 120 m á milli í gömlu línunni.

*Ábending um að þetta sé að miklu leyti sama efni og á síðasta fundi.*

*Að velja bláu línuna setur okkur í þá stöðu að vera með 2 línur á sama veðurfarslega svæði. Þess vegna er viðkomandi aðili hlynntari gulu og rauðu leiðunum.*

*Ef ekki verður farið bláu leiðina, þá er endurnýjunarþörf á línu frá Blöndu-Laxárvatni, og það er langt í áform. Ef farið verður í hina leiðina, yrði löngu kominn tími á «bláa legginn».*

Þetta verður sýnt í næstu Kerfisáætlun sem kemur út eftir 1-2 mán. Þar er tímalína fyrir viðhald í hverjum landshluta.

*Athugasemd úr sal: Mikið atriði að laga spottann út á Blönduós.*

Í lok fundar er Landsneti þakkað fyrir góða vinnu við valkostagreininguna og kynningar.